


vinna eftir 7-10 daga. Ef lagt hefur verið net (bót) í aðgerðinni þá eru engar takmarkanir á hreyfingu eða áreynslu eftir aðgerð aðrar en þær, að þú skalt ekki gera það sem veldur þér verkjum. Ef ekki hefur verið lagt net við aðgerðina skaltu forðast mikla líkamlega áreynslu í 2-3 vikur.

## Athugaðu

Þessar upplýsingar eru engan veginn tæmandi. Það geta orðið ýmis óhjákvæmileg frávik. Hikaðu ekki við að biðja okkur um nánari útskýringar.

*Með kveðju,  
starfsfólk dagdeildar og  
handlækningadeildar SHA*



Aðgerð á nárakviðsliti árið 1599

Unnið í nóv. 2002 af Margréti Kristjánsdóttur og Þórönnu Halldórsdóttur hjúkrunarfr. í samráði v/ Fritz H. Berndsen skurðlækni á SHA.  
Heimildir: Phipps, Sands og Marek, Medical-, Surgical Nursing, 1999  
Síðast endursk. í maí 2017/ÞH.  
HVE/rmbæk46

**HVE Akranesi**  
Sími 432 1000, fax 432 1001  
[www.hve.is](http://www.hve.is)

## AÐGERÐ Á NÁRAKVIÐSLITI



Aðgerð á nárakviðsliti á SHA 2003

**Heilbrigðisstofnun Vesturlands**  
**Akranesi**  
Sími 432 1000, fax 432 1001  
[www.hve.is](http://www.hve.is)

## Aðgerð á nárákviðsliti

Í þessum bæklingi eru upplýsingar um aðgerð við kviðsliti, sem við vonumst til að komi þér að gagni og geri þér dvölinu auðveldari. Skrifðu hjá þér þær spurningar sem upp koma við lestur bæklingsins, svo þær gleymist ekki.

### Hvað er nárákviðslit?

Nárákviðslit er útbungun (poki) á lífhimnu sem hefur þengt sér í gegnum veikleika í kviðveggnum. Þegar sjúklingur stendur þá fyllist pokinn oft af kviðarholsfitu eða hluta garnar, en þegar lagst er útaf þá tæmist oftast pokinn. Í einstaka tilfalli getur görn fest í pokanum og valdið stíflu og þarf þá að gera bráðaaðgerð.

### Framkvæmd aðgerðar

Aðgerðin er framkvæmd annað hvort í gegnum kviðsjá eða með opinni aðgerð. Kviðsjáraðgerð er gerð í svæfingu en opna aðgerð er hægt að framkvæma í svæfingu eða deyfingu.

Aðgerðin tekur um það bil 45 mínútur.

Í aðgerðinni er lífhimnupokinn fjarlægður og gert er við veikleikann í kviðveggnum. Í flestum tilfellum er notað net (bót) til að styrkja kviðvegginn og þannig minnka líkur á endurteknu kviðsliti. Sjúklingur er venjulega fljótur að jafna sig eftir aðgerð og flestir fara heim samdægurs.

### Hvað þarf að hafa meðferðis?

Lyfjakort eða lyf sem þú notar reglulega. Auk þess náttslöpp, inniskó og snyrtiáhöld ef um er að ræða innlögn á legudeild.

### Undirbúningur fyrir aðgerð

Þú þarft að vera fastandi á mat allt að 6 klst. fyrir aðgerð en mátt drekka vatn allt að 2 klst. fyrir aðgerðina.

Ekki er æskilegt að reykja að morgni aðgerðardags.

Þú mætir á dagdeildina eftir samkomulagi.

**Hjúkrunarfræðingur** tekur á móti þér, fær hjá þér nauðsynlegar upplýsingar, fer yfir þennan bækling og sýnir þér deildina.

**Svæfingalæknir** talar við þig, útskýrir helstu atriði varðandi svæfinguna og ákveður lyfjaforgjöf.

Þú þarft að fjarlægja gleraugu, linsur, alla skartgripa, naglalakk og andlitsfarða fyrir aðgerð. Þú þarft að tæma þvagblöðru fyrir aðgerð.

### Eftir aðgerð

Þú vaknar fljótlega á vöknunarherbergi. Fylgst verður með blóðþrýstingi og hjartslætti í 1-2 klst.

Þú verður með næringarvökva í æð þangað til þú ert farin(n) að drekka/borða.

**Þú mátt ekki aka bíl** fyrr en daginn eftir svæfingu/deyfingu.

### Verkir

Verkjalýf verða gefin eftir þörfum. Notaðu verkun þeirra til að hósta upp slími, gera öndunaræfingar og hreyfa þig eftir getu.

### Heimferð

Venjulega er heimferð samdægurs, en fer þó eftir líðan þinni. Ef eitthvert eftirfarandi atriða kemur upp vinsaml. hafðu samband við sjúkrahúsið:

- \* Merki um sýkingu í sárinu (roði, hiti, bólga, sárið vessar)
- \* Merki um blæðingu (blæðir frá sárinu, gúll undir sárinu)
- \* Þú færð hita
- \* Þú færð kviðverki

Skurðsár eru saumuð með saum sem eyðist af sjálfu sér og því þarf ekki að taka sauma. Umbúðir eru vatnsheldar og þola sturtuferðir. Eftir 2 vikur má fjarlægja umbúðir.

Það er einstaklingsbundið hve fljótt sjúklingar ná sér eftir aðgerðina en flestir geta byrjað að